

Kafli 4.3 – Emile Durkheim. Síðari hluti. Spurningar úr efni bls. 81-87.

1. Hvernig lýsir Durkheim samfélögum sem eru með samvitund sem einkennist af vélrænni samheldni?
2. Hvernig lýsir Durkheim samfélögum sem eru með samvitund sem einkennist af lífrænni samheldni?
3. Með hvaða hætti breytist samfélag frá því að vera með vélræna samheldni til þess að vera með lífræna samheldni?
4. Hvers vegna einkennist samfélag með vélræna samheldni af hörðum refsilögum og þvingunarlögum?
5. Hvað á Durkheim við með því að grimmileg refsing þjóni sem ritúal í samfélaginu?
6. Hvers vegna einkennist samfélag með lífræna samheldni af mildari skaðabótalögum?
7. Hvað gerist að mati Durkheims ef verkaskipting í nútímalegu samfélagi virkar ekki vel?
8. Hvað var Durkheim aðallega að reyna að útskýra með rannsókn sinni á sjálfsvígum?
9. Hvernig framkvæmdi Durkheim rannsóknina?
10. Hvaða kenningar um sjálfsvíg voru í tísku á 19. öld og hvernig gagnrýndi Durkheim þær?

11. Hver er í grundvallaratriðum kenning Durkheims um sjálfsvíg?
12. Hvaða tengsl sá Durkheim á milli tíðni sjálfsvíga og trúarbragða? Er það trúin sjálf eða eitthvað annað sem Durkheim var að benda á að skipti máli í þessu tilliti?
13. Hvaða hópa aðra en trúarhópa í samfélaginu á 19. öld sá Durkheim sem mestu áhættuhópa í tengslum við sjálfsvíg?
14. Durkheim flokkaði sjálfsvíg í fjórar gerðir. Hvað einkennir sjálfsvíg af völdum einmannaleika?
15. Hvað einkennir sjálfsvíg af völdum fórnfýsi?
16. Hvað einkennir sjálfsvíg af völdum siðrofs?
17. Hvað einkennir sjálfsvíg af völdum forlagatrúar?
18. (Hópverkefni) Hverjar voru niðurstöður rannsóknar á sjálfsvígum á Englandi og í Wales árið 2001? Hvernig má túlka þessar niðurstöður í anda kenningar Durkheims? Hvernig er hægt að sporna við sjálfsvígum að mati Durkheims? Hvað þýðir það að efla stoðkerfi eða öryggisnet í kringum börn og unglínga? Er það gert á Íslandi í dag?